

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/896****2025/EES/33/21****frá 24. febrúar 2021****um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1238 að því er varðar
viðbótarupplýsingar með tilliti til samleitni eftirlitsskýrslugjafar (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1238 frá 20. júní 2019 um samevrópska séreignarsparnaðarafurð (¹), einkum fyrstu undirgrein 9. mgr. 40. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar (PEPP) falla undir nokkur sérlæg í Sambandinu og á landsvísu innan fjármálaþjónustuviðsins og samsvarandi geirabundnar kröfur um skýrslugjöf til lögbærra yfirvalda þeirra, þ.m.t. Evrópsku eftirlitsstofnananna. Nauðsynlegt er að beita staðlaðri aðferð að því er varðar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits til viðbótar við upplýsingarnar sem veittar eru samkvæmt viðkomandi sérlægum í því skyni að draga úr líkunum á verulega sundurleitum viðbótarkröfum um skýrslugjöf á landsvísu. Framkvæmdastjórnin gaf Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni færi á að veita tæknilega leiðsögn.
- 2) Staðlað mengi upplýsinga er nauðsynlegt til að bæta samanburðarhæfi og auka skilvirkni og koma í veg fyrir tvöfalda skýrslugjöf tengda geirabundnum upplýsingakröfum.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðbótarupplýsingarnar sem um getur í 1. til 5. mgr. 40. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1238 skulu innihalda eftirfarandi upplýsingar:

- a) lýsingu á áhættustýringarkerfi framleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar, þ.m.t. stjórnarháttum hans, til að stýra áhættunni sem stafar af samevrópskum séreignarsparnaðarafurðum,
- b) lýsingu á starfsemiinni sem framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar leggur stund á innan geirans þar sem hann er með starfsemi, þ.m.t. tegund fjárfestinga og stjórnun þeirra, hvort fjárfestingarnar eru virkar eða óvirkar, hvort boðnar eru tryggingar eða ekki, framfylgdinni á áhættuvörnum, umfanginu með hliðsjón af iðgjöldum og eignavirði, og skrá yfir heima- og gístiaðildarríki framleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar,
- c) upplýsingarnar um hvaða skriflegu stefnur framleiðendur samevrópskra séreignarsparnaðarafurða eiga að hafa til að taka á viðkomandi áhættu,
- d) upplýsingar um matsreglurnar sem beitt er vegna gjaldþols, eftir atvikum,
- e) yfirlit yfir viðkomandi áhættu sem varðar eða tengist framleiðslu samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar og hvernig framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar hefur í hyggju að stýra þessari áhættu, þ.m.t. en ekki takmarkað við, fjárhags- og lausafjáráhættu, markaðsáhættu, greiðslufallsáhættu, orðsporsáhættu og áhættu sem tengist umhverfis-, félags- og stjórnunarþáttum,
- f) upplýsingarnar að því er varðar fjármagnsuppyggingu framleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar, þ.m.t. eiginfjárhlutfall og skuldsetningarstig,
- g) upplýsingar um samninga framleiðanda samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar eða varðandi samninga sem gerðir eru við þriðju aðila, þ.m.t. skuldbindingar við rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar á útgreiðslutímabilinu, eða um veitingu undirreikninga samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 197, 4.6.2021, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 131/2024 frá 12. júní 2024 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 72, 3.10.2024, bls. 27.

(¹) Stjtið. EB L 198, 25.7.2019, bls. 1.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. febrúar 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
